Qualified Electronic Signature
Ingiveig Gunnarsdóttir
Personal code: 0911605289
05.11.2026 17:16:07 GMT

Qualified Electronic Signature
Sigrún Úlfarsdóttir
Personal code: 0710594059
05.11.2026 17:24:24 GMT

Qualified Electronic Signature
Sara Miller
Personal code: 0407892949
06.11.2026 11:43:39 GMT

# Dýravaktin

samtök um réttindi og velferð dýra

Kt. 630125-0220

Laufásvegi 60, 101 Reykjavík

# Ársreikningur 2025

1. janúar – 31. desember 2025

Skýrsla og staðfesting stjórnar ..... 2
Áritun bókara ..... 3
Rekstrarreikningur ..... 4
Efnahagsreikningur ..... 5
Skýringar ..... 6

# Skýrsla og staðfesting stjórnar

Dýravaktin – samtök um réttindi og velferð dýra er almennt félag. Tilgangur félagsins er að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Markmið félagsins er að dýr geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt og að umráðamenn dýra fari vel með þau og annist um þau. Eingöngu er um félagasamtök að ræða sem ekki stunda atvinnurekstur.

Tekjur félagsins á árinu 2025 voru að mestu styrkir frá einstaklingum, lögaðilum og sveitarfélögum.

Tekjur félagsins á árinu námu 3.285.023 kr. og hagnaður ársins 150.780 kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eignir félagsins í árslok námu 150.780 kr., skuldir engar og eigið fé 150.780 kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn leggur til að hagnaði ársins verði ráðstafað til starfsemi félagsins í samræmi við tilgang þess og að hann flytjist til næsta árs, sbr. skýringu 7.

Stjórn félagsins staðfestir ársreikning félagsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

**Reykjavík, 1. ágúst 2026.**

**Stjórn:**

_____
Ingiveig Gunnarsdóttir, formaður

_____
Sara Piana, meðstjórnandi

_____
Sigrún Úlfarsdóttir, meðstjórnandi

# Til stjórnar og félagsmanna Dýravaktarinnar.

Ég hef aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir félagið Dýravaktin vegna ársins 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.
Vinna mín er skipulögð í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga, með það að markmiði að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.
Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum. Ég hef tekið ákveðna liði ársreikningsins til sérstakrar skoðunar og yfirfarið framsetningu hans í heild.
Við yfirferð mína komu ekki fram nein atriði sem gefa mér ástæðu til að ætla að ársreikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu félagsins, efnahag og fjárhagsstöðu í samræmi við lög.
Ég hef ekki endurskoðað ársreikninginn og því ekki sannreynt grundvöll hans.
Framsetning ársreikningsins er til samræmis við lög og reikningsskilareglur og allar upplýsingar sem mér eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

**Reykjavík, 1. ágúst 2026.**

**Friðjón B. Gunnarsson**
**FBG ráðgjöf ehf.**

# Rekstrarreikningur ársins 2025

| | Skýr. | 2025 |
|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | |
| Styrkir | 2 | 3.285.023 |
| | | **3.285.023** |
| **Rekstrargjöld** | | |
| Vörukaup | 3 | 3.015.576 |
| Annar rekstrarkostnaður | 4 | 116.596 |
| | | **3.132.172** |
| **Rekstrarafkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | **152.851** |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | |
| Fjármunatekjur | 5 | 97 |
| Fjármagnsgjöld | 5 | (2.168) |
| | | **(2.071)** |
| **Hagnaður ársins** | | **150.780** |

*Fjárhæðir eru í íslenskum krónum. Engar samanburðarfjárhæðir eru birtar þar sem 2025 er fyrsta reikningsár félagsins, sbr. skýringu 1.*

# Efnahagsreikningur 31. desember 2025

| | Skýr. | 31.12.2025 |
|---|---|---|
| **Eignir** | | |
| **Veltufjármunir** | | |
| Handbært fé | 6 | 150.780 |
| **Veltufjármunir samtals** | | **150.780** |
| **Eignir samtals** | | **150.780** |
| | | |
| **Eigið fé og skuldir** | | |
| **Eigið fé** | | |
| Óráðstafað eigið fé | 7 | 150.780 |
| **Eigið fé samtals** | | **150.780** |
| **Skuldir** | | |
| Skuldir samtals | | 0 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | **150.780** |

*Fjárhæðir eru í íslenskum krónum.*

# Skýringar

## 1. Reikningsskilaaðferðir

**Grundvöllur reikningsskila.** Ársreikningurinn er saminn í samræmi við III. kafla laga um bókhald nr. 145/1994 og góða reikningsskilavenju. Félagið fellur ekki undir gildissvið laga um ársreikninga nr. 3/2006, sbr. 1. gr. þeirra. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverði og er gerður í íslenskum krónum.

**Fyrsta reikningsár.** Félagið var stofnað á árinu 2025 og er það fyrsta reikningsár þess. Því eru engar samanburðarfjárhæðir birtar.

**Tekjur.** Styrkir og framlög eru færð til tekna þegar þau berast félaginu. Styrkir og framlög berast frá einstaklingum, lögaðilum og sveitarfélögum.

**Gjöld.** Gjöld eru færð á það tímabil sem þau tilheyra. Innskattur er ekki dreginn frá þar sem starfsemin er undanþegin virðisaukaskatti og er hann því hluti kostnaðarverðs.

**Skattamál.** Félagið er ekki talið reka atvinnu og er því ekki gjaldfærður tekjuskattur, sbr. 5. tölul. 4. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

## 2. Rekstrartekjur

| | 2025 |
|---|---|
| Styrkir frá einstaklingum | 2.694.086 |
| Styrkir frá lögaðilum | 190.937 |
| Styrkir frá sveitarfélögum | 400.000 |
| **Styrkir samtals** | **3.285.023** |
| | |
| **Rekstrartekjur samtals** | **3.285.023** |

## 3. Vörukaup

Vörukaup ársins, 3.015.576 kr., eru innlend kaup á vörum vegna starfsemi félagsins.

## 4. Annar rekstrarkostnaður

| | 2025 |
|---|---|
| Gjaldfærð smááhöld og búnaður | 35.140 |
| Skrifstofukostnaður | 8.000 |
| Risna og gjafir | 9.950 |
| Rekstur fólksbifreiða | 24.000 |
| Ýmis annar kostnaður | 39.506 |
| **Samtals** | **116.596** |

Félagið hafði enga starfsmenn á launaskrá á árinu og greiddi engin laun.

## 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | 2025 |
|---|---|
| Vaxtatekjur | 97 |
| Vaxtagjöld og önnur fjármagnsgjöld | (2.168) |
| **Samtals** | **(2.071)** |

## 6. Handbært fé

Handbært fé í árslok, 150.780 kr., er innstæða á reikningi félagsins hjá Arion banka hf.

## 7. Eigið fé

| | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|
| Eigið fé 1.1.2025 | 0 |
| Hagnaður ársins | 150.780 |
| **Eigið fé 31.12.2025** | **150.780** |

Hagnaður ársins flyst til næsta árs og verður varið til starfsemi félagsins í samræmi við tilgang þess, sbr. 27. gr. laga nr. 145/1994.

## 8. Veðsetningar og ábyrgðir

Engar eignir félagsins eru veðsettar og félagið hefur ekki gengist í ábyrgðir fyrir aðra.